

## 65. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 10.9. 2021, kl. 13:30

---

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Einnig var mættur undir lið 1. og 2. Kristinn Bjarnason, lögfræðingur sveitarfélagsins.

### Dagskrá:

1. Skipulags og matslýsing byggðakjarna á Hjarðarbóli
2. Samningsdrög við Mela um lóð fyrir þjónustuhús
3. Kjörskrá alþingiskosninga 2021
4. Vatnsveitur
5. Innviðagreining í Fljótsdal
6. Samningsdrög við Nova um dreifikerfi síma.
7. Skólaakstur
8. Fundargerðir:
  - a. Fundargerð byggingarnefndar 27.8.2021
  - b. Fundargerð fjallskilanevndar 23.8.2021
  - c. Fundargerð almannavarna 2.9.2021.
  - d. Fundargerð samfélagsnefndar 19.8.2021
  - e. Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga 26.8.2021
  - f. Fundargerð stjórnar Ársala 13.8.2021
  - g. Fundargerð svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs 1.9.2021
9. Bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga um greiðsluþátttöku v. Alþingiskosninga
10. Skýrsla sveitarstjóra
11. Önnur mál

### 1. Skipulags og matslýsing byggðakjarna á Hjarðarbóli

Ekki hefur fengist niðurstaða í dómsmáli vegna eignaréttar á Hjarðarbóli. Ákveðið að fresta málinu og afla frekari gagna og upplýsinga.

### 2. Samningsdrög við Mela um lóð fyrir þjónustuhús

Fyrir liggja drög að samningi við landeigendur á Melum vegna leigu á lóð úr landi jarðarinnar til þess að byggja á henni þjónustumiðstöð og bílastæði fyrir móttöku ferðamanna á Hengifossvæðinu.

Kynnt voru samningsdrög við Vegagerðina um veghald á bílastæðinu við Hengifoss. Sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn þegar hann er frágenginn.

Einnig voru kynnt drög að samningi við Ríkiseignir vegna uppbyggingar við Hengifoss.

### 3. Kjörskrá alþingiskosninga 2021

Kjörskrá samþykkt og sveitarstjóra falið að gera þær breytingar sem gera þarf á henni fram að kosningum og rita undir hana.

### 4. Vatnsveitur

Vitað er um 8 jarðir sem eru orðnar vatnslausar og 2 jarðir sem eru tæpar á vatni. Málið er komið inn á borð almannavarna. Samþykkt var að bjóða upp á aðstoð með vatnsbíl sem færi á milli bæja, ef menn þess óska.

### 5. Innviðagreining í Fljótsdal

Farið var yfir drögin sen dagsett eru 3.8.2021 og gerðar nokkrar athugasemdir. Sveitarstjóra og verkefnisstjóra falið að vinna drögin áfram.

### 6. Samningsdrög við Nova um dreifikerfi síma.

Samningurinn samþykktur og sveitarstjóra falið að skrifa undir hann. Samningurinn sendur til kynningar á húsnefnd.

### 7. Skólaakstur

Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við foreldra um skólaaksturinn. Tvö börn á skólaaldri eru með lögheimili á Þuríðarstöðum, það er fagnaðarefni því ekki hafa verið börn á skólaaldri í sveitarfélaginu síðustu ár.

### 8. Fundargerðir:

#### a. Fundargerð byggingarnefndar 27.8.2021

1. Óbyggðasetrið, kynnt
2. Bréf frá Minjaverði, kynnt

*Eiríkur vék af fundi vegna vanhæfis*

3. Arnheiðarstaðir, byggingaleyfi vegna skemmubyggingar. Sveitarstjórn samþykkir byggingarleyfið.

*Eiríkur kom aftur til fundar*

4. Göngubrú yfir Blöndu við Geldingarfellsskála, málið er í biðstöðu vegna þess að Blanda hefur fært sig yfir í Ytri Bergkvísl.
5. Niðurrif á íbúðarhúsi á Kleif. Sveitarstjórn samþykkir niðurrifið. Að öðru leiti var fundargerðin kynnt.

- b. Fundargerð fjallskilaneftndar 23.8.2021  
Sveitarstjórn samþykkir að lækka dagsverkið niður í 40.000 kr.. Sveitarstjórn samþykkir einnig að borga fyrir 4 dagsverk á Hraunum og fjárflutning úr nærliggjandi sveitum.

Sveitarstjórn barst í dag erindi frá Jósef Valgarð á Víðivöllum Fremri varðandi álagningu dagsverka í smalamenskum. Sveitarstjórn og Fjallskilaneftnd falið að finna málinu farveg.

Gunnþórunni fannst vanta rökstuðning fyrir höfnun á tillögu hennar til Fjallskilaneftndar varðandi að gangnastjórar fái ½ dagsverk fyrir hverja göngu og réttarstjóri Melaréttar ½ dagsverk.

- c. Fundargerð almannavarna 2.9.2021  
Kynnt.
- d. Fundargerð samfélagsneftndar 19.8.2021  
Kynnt.
- e. Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga 26.8.2021  
Kynnt.
- f. Fundargerð stjórnar Ársala 13.8.2021  
Kynnt.
- g. Fundargerð svæðisráðs Vatnajökulspjóðgarðs 1.9.2021  
Kynnt. Sveitarstjórn hvetur Þjóðgarðinn til þess að hafa heilsársopnun í Snæfellsstofu.
- h. Fundargerð SSA 25.6.2021  
Kynnt.
- i. Fundargerð Austurbrúar 25.5.2021  
Kynnt.

- 9. Bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga um greiðsluþátttöku v. Alþingiskosninga  
Kynnt.

#### 10. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri sýndi myndir frá endurbótum á gangnamannakofa í Fjallaskarði og eru framkvæmdir þar langt komnar. Verkið er unnið undir stjórn Þorvarðar Ingimarssonar og með í verkum eru Þorvaldur Hjarðar, Jón Helgason og Hafsteinn Hallgrímsson.

Sagt frá ferð sveitarstjóra á árlegan fund bæjar og sveitarstjóra sem haldin var að þessu sinni í Vestmannaeyjum.

Sveitarstjóri, oddviti og verkefnisstjóri fóru í tveggja daga ferð um hálendið og skoðuð þar m.a. ástand vegaslóða og bygginga.

#### 11. Önnur mál

Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum af stöðu heindýraveiða og hvort einhverjar leiðir séu færar þegar aðstæður eins og hafa skapast í ár þegar að hreindýr halda til í griðlandinu við Snæfell og ekki næst að veiða þann kvóta sem úthlutað er á veiðisvæði númer 2.

Anna Jóna vill minna menn á að huga að vatnsmálum fyrir fé í girðingum og safnhólfum.

Fundi slitið klukkan 19:20

Lárus ritaði fundargerð í tölvu